

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

*Gjört í Reykjavík 28. júní 1977.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

Nr. 54.

29. júní 1977.

**AUGLÝSING**

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir  
Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 27. júní 1977 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

## 1. gr.

**32. gr. C orðist svo:**

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 6 500 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 3 500 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2 000 krónur, en 1 000 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur og staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

## 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 29. júní 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Árni Gunnarsson.*